

## Atli Harðarson

### Þýðingar á fjórum ljóðum eftir Edwin Arlington Robinson

Edwin Arlington Robinson fæddist árið 1869 í Maine og dó í New York árið 1935. Hann var með vinsælustu og virtustu ljóðskáldum Bandaríkjanna í byrjun síðustu aldar. Fyrsta ljóðabók hans kom út 1896 og urðu útgefnar bækur með kveðskap hans nær þrjátíu talsins áður en yfir lauk. Hann hlaut Pulitzer verðlaunin fyrir ljóðagerð þegar þau voru veitt í fyrsta sinn árið 1922, og svo aftur bæði 1925 og 1928.

Faðir Robinsons var þokkalega stæður kaupmaður. Hann féll frá 1892 og næstu ár á eftir bjó skáldið við fremur þröngan kost. Kjörin bötnuðu að mun árið 1904. Þá sat Theodore Roosevelt í Hvíta húsinu – repúblíkani sem las ljóð, vakti athygli á kveðskap Robinsons og fékk honum launað embætti hjá tollinum. Mátti hann nota skrifborð sitt þar til menningarlegri iðju en að afla fjár í ríkissjóð.

Nokkur af eftirminnilegustu kvæðum Robinsons fjalla um auðnuleysingja og óskabörn ógæfunnar sem sumir tengja við fólk frá æskustöðvum hans í bænum Gardiner í Maine. Hér á eftir fara þýðingar á þrem af þeim þekktustu. Þau eru Ríkharður (Richard Cory) úr bókinni *The Children of the Night* sem út kom 1897, Mangi Hró (Miniver Cheevy) úr bókinni *The Town Down the River* sem út kom 1910 og var tileinkuð Theodore Roosevelt og Veislan hjá Gvendi (Mr. Flood's Party) úr bókinni *Avon's Harvest* sem út kom 1921.

Auk þessara þriggja mannlýsinga er hér þýðing á ljóðinu Cortège úr bókinni *Captain Craig* sem út kom 1902. Sagan segir að Robinson hafi ort það árið 1890 í heldur úfnu skapi þegar stúlkan sem hann unni giftist eldri bróður hans. Þau hjónakornin fóru frá Maine til nýrra heimkynna í Missouri með lest sem hét Cortège.

#### Ríkharður

Í hvert sinn sem hann kom hér nið'rá torg  
við hversdagsfólkið litum upp til hans:  
Dánumaður mestur hér í borg  
og mikil var hans reisin og elegans.

Við Ríkharð sáum aldrei angur tjá,  
hann ávarpaði fólk og hélt sinn veg.  
Þótt æðslátt við enni mætti sjá,  
alltaf var hans návist þægileg.

Og hann var ríkur – segja má með sann  
að sjaldan eigi kóngar þvilíkt fé –  
og hvað við vildum vera eins og hann  
sem veröldin lét slíka auðnu í té.

Við máttum samt við þrældóm, þreytt og köld  
þrauka, stundum nærri matarlaus,  
en Ríkharður eitt kyrrlátt sumarkvöld  
kúlu skaut í gegnum eigin haus.

## Mangi Hró

Af skömm og mæðu Mangi Hró  
magur grét og blés í kaunin,  
að vera á dögum þótti þó  
þyngsta raunin.

Mangi unni eldri tíð,  
ef hann leit á brynjur glansa,  
vakra fáka, vopn og stríð  
vildi hann dansa.

Yfir því sem ei var til  
andvarpaði og lét sig dreyma.  
Kunni á fornum fræðum skil  
og fann sig heima.

Sakna kvaðst hann Kamelot  
kappa Tróju og refilejóða,  
ljóða- seiddi hann langt í brott  
lýran góða.

Sótti ef gat hann sollinn í,  
en syndir litlar drýgja náði,  
þó mektarfólkið Medici  
mjög hann dáði.

Hversdagsleikinn mæddi mest,  
miðaldirnar þráði af hjarta  
þá jarla klæddi og jöfra best  
járnið bjarta.

Oft í þungum þönkum sat,  
þótti dapurt allt sitt gengi,  
Mangi Hró því grufað gat  
og grufað lengi.

Um þann tíma er hann hlaut  
örlög sín, allt ljóta brasið,  
hóstandi hann heilann braut  
og hellti í glasið.

## Veislan hjá Gvendi

Seint að kvöldi Gvendur gamli einn  
gekk um slóðann þar sem var hans leið  
heim úr kaupstað yfir lágan ás.  
Eyðilegt var kotið sem að beið,  
og var hans eina athvarf hér á jörð.  
Hann áði, „nægur tími“ sagði hann „já“,  
þó heyrði engin önnur sála til  
enda hvergi nokkurn mann að sjá.

Svo hélt hann áfram: „Gvendur gamli minn  
nú gerist tunglið fullt og haustar að  
en við tveir höfum átt hér fundi fyrr  
og fuglar hópast rétt sem áður kvað  
skáldið og við skálum fyrir þeim.“  
Mót skini mánans lyftust hendur tvær  
með könnu af öli sem hann hafði sótt  
og sagði: „Bestu þakkir vinur kær.“

Hann fór í bæinn bara til þess eins  
að bera þaðan öl um langan veg.  
Á miðri götu minnti hann helst á draug  
og mörgum þætti ferð hans undarleg.  
En Gvendur heyrði úr bænum eins og ym,  
því eitt sinn fann hann jafnan vini þar,  
af röddum fólks sem forðum yrti á hann  
en farið burtu, dautt og horfið var.

Þá, eins og legði blíðust móðir barn  
sem blundaði í hvílu og gætti að  
það vaknaði ekki, ofurhægt með gát  
inn á milli þúfna á góðan stað  
lét hann könnu svo hún ylti ei,  
því allt er fallvalt gengi heims og manns.  
Og er hann hafði stigið fáein fet  
fór í gang að nýju samtal hans.

„Herra minn, ég held nú svei mér þá  
við höfum ekki um skeið átt slíkan fund.  
Margt er breytt hjá báðum sýnist mér  
og býsna vel við hæfi að litla stund  
við setjumst hérna saman, þú og ég.“  
Síðan bakkar hálfhring, þykir mál  
að lyfta könnu og ansa sjálfum sér  
og segja: „Kæri vinur þína skál.“

„Soldinn dreitil, Gvendur, gleymast ei  
hin gömlu kynni, svona þetta er nóg,  
römm er taug sem rekka dregur heim.“  
Röddin skalf og gamla hjartað sló  
og yfir gráa einsemd þessa nótt  
eigin rómi lyfti hátt í söng.  
Tunglið fulla heyrði eitt þann óm  
sem undir tóku hæðardrögin löng.

„Hin gömlu kynni.“ Svo varð röddin rámm  
og raunalega lyfti hann sínum drykk.  
Aftur stóð hann aleinn. Niðrí byggð  
var allt með heldur framandlegum skikk  
svo héðan af hann vísast yrði vart  
velkominn í bæinn líkt og fyrr.  
Eflaust skelltu allir þar í lás  
þótt opnað hefðu vinir forðum dyr.

### Cortège

Klukkan fjögur fær í dag,  
fimmtán hundruð mílna veg,  
ólmast lagið aldrei svo  
endi slögin hrikaleg.

Klukkan fjögur fær í dag,  
falið jörðin tveggja ná,  
best þau fari og fari strax  
í fjarlægð bæði grafa má.

Hefð'ún dvalið hálfu meir  
í heimi væri lítt um sel,  
klukkan fjögur fær í dag,  
ferðin byrjað gott og vel.

Klukkan fjögur fær í dag,  
fólgið ástin þeirra leg  
sem að gröf nú fetar fljótt  
fimmtán hundruð mílna veg.

Klukkan fjögur fær í dag,  
fylgt þau geta tónum seint,  
mitt ólma lag í orða stað  
allt það tjáð sem verður meint.

Best það gerist bara strax,  
byrjað ferðin endanleg  
klukkan fjögur fær í dag,  
fimmtán hundruð mílna veg.